

Húsavík 4.5.2021

Bæjarstjórn Norðurþings  
Skipulags og bygginganefnd Norðurþings

Þó allt bendi til þess að raddir vorsins þagni einn daginn er enn að koma vor hér í Norðurþingi. Í tilefni af því að ég sá fyrstu kríuna hér við Kaldbakstjarnir í morgun vil ég hvetja ráðamenn bæjarins að endurvekja friðun lands og vatna í sveitarfélaginu þannig að fuglar geti átt hér skjól og skemmtun. Gott að byrja á Kaldbakstjörnum. Auglýsa þarf að fuglar og egg þeirra séu friðuð og brotaaðilar verði látnir svara til saka brjóti þeir reglur sem um landið gilda. Öllum hefur ávallt verið heimilt að skoða og njóta náttúrunnar við Kaldbakstjarnir og svo verður áfram vonandi.

Fugla og náttúruskoðun er stór þáttur í komu ferðamanna hingað og það fer ekki saman að einhverjir fari rænandi og ruflandi um land sveitarfélagsins. Hvort sem umræddir fuglar eru friðaðir eða ekki samkvæmt öðrum lögum væri til fyrirmyndar að friða allt fuglalíf hér.

Með vinsemd og nokkurri virðingu  
Sigurjón Benediktsson  
Kaldbak-Skogarkoti